

Í málskostnað lúki áfrýjandinn, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, hinum stefnda, Halldóri yfir-kennara Friðrikssyni, 12 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 10/1880

Hið opinbera

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r:

Eptir að amtmaðurinn yfir suðuramtinu að undirlagi landshöfðingja hafði boðið sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu að höfða mál gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, eiganda laxveiðar í Elliðaánum, svo útkljáð yrði með dómi, hvort hann hafi brotið gegn 2. gr. viðaukalaga 11. maímán. 1876, stefndi sýslumaðurinn Páli málaflutningsmanni Melsted fyrir hönd kaupmanns Thomsens fyrir það, að hann, með því að þvergirða nefndar ár, hefði brotið gegn annari grein viðaukalaga 11. maímán. 1876, og með dómi gengnum fyrir aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. desembermán. f. á. var Páll Melsted fyrir hönd kaupmanns Thomsens dæmdur í 40 kr. sekt til sveitar-sjóðs Seltjarnarneshrepps og til þess að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er eptir ósk hins dæmda áfrýjað til yfirdómsins.

Þess skal fyrst getið, að með því að málaflutningsmaður Páll Melsted hefur fullt umboð af hendi kaupmanns Thomsens til þess að taka á móti málshöfðun, er snertir fasteignir hans hjer á landi, þar með taldar Elliðaárnar, var rjett að stefna honum fyrir hönd Thomsens. Aptur á hinn bóginn virðist miður rjett í þessu máli, sem höfðað er af hálfu hins opin-

bera til sekta, að dæma umboðsmanninn fyrir hönd umbjóðandans, þótt yfirdóminum eptir atvikum ekki finnist ástæða til fyrir þá sök að ónýta undirjettar-dóminn.

Það er viðurkennt, að kaupmaður H. Th. A. Thomsen veidir lax í Elliðaánum meðal annars með því að þvergirða þær með gördum og laxakistum; hefur hann gjört þetta í mörg ár, enda þykist hann einn eiga alla laxveiðina í ánum, og út frá því, að hann einn eigi hana, er bæði gengið í stefnunni til undirdómsins og eins í málshöfðunarskipuninni; spurning sú, sem ákærvaldið hefur hjer lagt fyrir dómstólana, er því aðeins sú, hvort ákærði hafi brotið gegn lögum, sem sje viðaukalögum 11. maí 1876, 2. gr., með því að þvergirða Elliðaárnar, þótt hann einn eigi alla laxveiði í þeim, og sje svo, hverja sekt hann með því hafi bakað sjer.

Þegar leysá skal nú úr þessari spurningu verður yfirdómurinn að leggja sjerstaka áherzlu að það atriði, að tjeð lög eptir fyrirsögn sinni aðeins eru viðaukalög við 56. kapítula í landsleigubálki Jónsbókar, en með þeim orðum virðast lögin benda á, að tilgangurinn með þeim sje ekki sá, að breyta fyrirmælum nefnds kapítula, heldur sá, bæði að skýra þau betur og að bæta við þau ýtarlegri ákvörðunum í sömu stefnu.

Að því nú er sjerstaklega snertir 2. gr. í viðaukalögnum, þá tekur hún upp bannið í Jb. Llb. 56. kap. gegn þvergirðingum í veiðiám, og skipar nákvæmar fyrir um, hverjar girðingar og fastar veiðivjelar sjeu bannaðar, alveg í sömu stefnu eins og Jónsbók, en þar sem ákvarðanir hennar eptir fyrirsögn laganna aðeins eru viðauki við ákvarðanir Jónsbókar, þá virðast þær ekki geta átt við aðrar veiðiár en þær, sem Jónsbók á við, það er ár, sem fleiri en einn eiga veiði í, enda

koma orð nefndrar lagagreinar alls eigi í bága við þenna skilning, heldur virðist niðurlag greinarinnar einmitt styrkja hann.

Samkvæmt áður sögðu fær yfirdómurinn því ekki sjeð, að Thomsen kaupmaður hafi brotið gegn 2. gr. viðaukalaga 11. maímán. 1876, þegar hann er álitinn að eiga alla laxveiðina í Elliðaánum, og ber því að dæma hann sýknan af kærum hins opinbera í þessu máli, og að greiða allan kostnað af því, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málfærslulaun hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra, úr opinberum sjóði.

Það er að vísu svo, að undirdómurinn hefur skipað málaflutningsmann P. Melsteð til að verja kaupmann Thomsen í hjeraði, en þar sem Páli Melsteð var stefnt fyrir hönd kaupmanns Thomsens, gjörðist þess ekki þörf, enda verður yfirdómurinn að álíta, að honum eptir atvikum ekki beri nein málsvarnarlaun í hjeraði. Málið hefur í hjeraði verið rekið með tilhlýðilegum hraða, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr opinberum sjóði.